

**Þingvallavegur, vegur 36-02,**

Grímsnes- og Grafningshreppur
Félagsheimilinu Borg
801 Selfoss

*Samþykkt af framkvæmdastjóra
með tölvupósti þann 20.05.2026*

Efni: Breyting á hámarkshraða á Þingvallavegi (36-02).

Lagt er til af svæðisstjóra Suðursvæðis að hámarkshraði á Þingvallavegi (36-02) verði lækkaður á stuttum kafla í 70 km/klst. Um er að ræða frá ca. st. 1.160 að ca. st. 1.460 á kafla 36-02. Þetta er um 300 metra kafla. Er tillaga svæðisstjóra byggð á óskum ábúenda sem og umferðaröryggis sjónarmiðum. Gögn sem fylgja málinu má finna í Gopro 2026030145.

Við vegamótin að Brúarey er hámarkshraðinn 90 km/klst. en þarna hafa risið nokkur hús og þar með fjölgað íbúum. Þessir íbúar þurfa að fara um þessi vegamót daglega og vilja eindregið koma í gegn lækkuð á hámarkshraða þarna. Íbúar vilja að 50 km/klst. svæðið sem er um 300 m. sunnan við þau verði stækkað til þeirra vegamóta. Svæðisstjóri telur það of mikið og leggur til að farið verði í það að taka hraðann niður í 70 km/klst. fyrr. Með þessu þarf þá einungis að færa núverandi 70 og 90 km/klst. merki um 300 m. Tekið skal fram að merkin eru ekki samsíða í dag og þarf að laga það. Núverandi 90 km/klst. merki er við ca. st. 1.050 og þyrfti því að færa um 400 metra.

Með umferðaröryggisleg sjónarmið að leiðarljósi er talið að þetta sé vegfarendum til bóta.

Umsögn umferð og umferðaröryggis:

Umferðar- og umferðaröryggisdeild er hlynnt tillögunni og telur hana vera til þess fallna að auka umferðaröryggi.

Hvað þarf að gera:

- Taka niður merkin við ca. st. 1.160 og 1.050 og setja upp merkin við ca. st. 1.460

Kostnaður: Vinna Vegagerðarinnar við færslu á merkjum

Síða 1/2

Vegagerðin
Suðurrhauð 3
210 Gardabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is



Síða 2/2

Mynd 1: Myndin sýnir það svæði sem undir er.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Kristófer Ágúst Kristófersson

Vegagerðin